

Ed.

248. Frumvarp

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Merki það, er lögskipaðir dýralæknar, eða aðrir dýralæknar, nota til þess að merkja kjöt, sem þeir hafa gert heilbrigðisskoðun á, og hæft er til

útflutnings, skal vera blár jafnarma þríhyrningur með tölunni 1 innan i.

Rjett til að nota þetta merki hafa og þeir lögskipaðir læknar, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá lærðum lögskipuðum dýralækni hjer á landi, samkvæmt reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp.

Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir skoðun og stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 auro fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Eigi má merkja kjöt til útflutnings nefndu merki, nema kjötið sje að öllu leyti hreinlátlega meðfarið að álitu læknisins. Að öðru leyti semur stjórnarráðið nánari reglur um kjötskoðun, eftir tillögum dýralækna til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með merki því, sem til er tekið í nefndri grein.

Sömuleiðis er óheimilt, að taka upp eða nota þau merki á kjöt, er svo eru lík að lit og lögun, að hætt sje við að um verði vilst.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftár er brotið.

Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.